

KIRKJUGARÐARÁÐ

110. fundur haldinn mánudaginn 11. desember 2013 í fundarsal Biskupsstofu.

Mætt voru: Ragnhildur Benediktsdóttir formaður, Guðmundur Rafn Sigurðsson framkvæmdastjóri, Þórsteinn Ragnarsson, Sigurgeir Skúlason, Valtýr Valtýsson og Kristín Huld Sigurðardóttir sem ritaði fundargerð. Smári Sigurðsson boðaði forföll.

1. Setning fundar

Fundur settur kl. 13:05 og fundargerð síðasta fundar lögð fram og samþykkt.

2. Kynning á stækkun og endurbótum á kirkjugarðinum í Borgarnesi, Elízabet Guðný Tómasdóttir landslagsarkitekt hjá Landslagi

Elízabet fór yfir fyrirhugaða stækkun og endurbætur og samþykkti Kirkjugarðaráð þær fyrir sitt leyti. Skildi Elízabet Guðný eftir teikningu af breytingunum.

3. Gjaldtaka vegna kirkjuvörslu við útfarir, Guðmundur Þór Guðmundsson framkvæmdastjóri Kirkjuráðs

Guðmundur Þór telur eðlilegt að ráðin óski sameiginlega eftir lögfræðialiti til að skýra málið. Ragnhildur taldi eðlilegt að fá álit annars vegar um kirkjugarðana og hins vegar um trúfélögin. Ráðið er sammála því að óska eftir sameiginlegu lögfræðialiti.

4. Skil á ársreikningum kirkjugarða o.fl., Magnhildur Sigurbjörnsdóttir verkefnisstjóri á biskupsstofu

Samkvæmt Ríkisendurskoðun eru garðarnir 243 og 198 þeirra hafa skilað inn ársreikningi. Magnhildur óskaði eftir að ráðið skrifaði forsvarsmönnum þeirra kirkjugarða sem ekki hefðu skilað, en jafnframt mun hún hringja og ítreka skil. Samþykkt.

Valtý og Þórsteini var falið að fara á fund Ríkisendurskoðunar til að ræða ný drög að bókhaldslykli fyrir ársreikninga kirkjugarða.

5. Viðmiðunarreglur vegna sérfræðivinnu starfsmanna Kirkjugarðaráðs

Guðmundur Rafn kynnti og lagði fram: *Drög að viðmiðunarreglum Kirkjugarðaráðs vegna sérfræðivinnu starfsmanna ráðsins.*

6. Myndir frá kirkjugarði í Argentínu

Ragnhildur Benediktsdóttir kynnti.

7. Næsti fundur

Næsti fundur, þ.e. úthlutunarfundur vegna 2014, verður haldinn mánudaginn 10. febrúar 2014 kl. 13:00.

8. Önnur mál

Þórsteinn Ragnarsson kynnti bréf frá Þjóðskrá til Kirkjugarðasambandsins sem óskaði eftir að fá útfarar- og jarðsetningarskýrslur ársfjórðungslega frá sambandinu í stað þess að fá þær frá sýslumönnum. Var samþykkt 11. desember hjá Kirkjugarðasambandinu að verða við þessu og gerði Kirkjugarðaráð ekki athugasemd við það.

Fundi slitið kl.16.10.

Ragnhildur Benediktsdóttir,
formaður

Kristín Huld Sigurðardóttir,
ritari